

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968:

1. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á bátabryggjunni og sementsbryggju.
2. Garðabraut ásamt framhaldi hennar að bæjarmörkum er aðalbraut.
3. Einstefnuakstur verður framvegis á Deildartúni, akstursstefna frá Vesturgötu.
4. Einstefnuakstur verður framvegis á Sandabraut, aksturstepna frá Skagabraut.
5. Biðskylda er á eftirtöldum stöðum:
 - a. Á Esjubraut við Þjóðbraut.
 - b. Á Vallholti við Vogabraut.
 - c. Á Hjarðarholti við Vogabraut.
 - d. Á Vogabraut við Esjubraut.
 - e. Á Heiðarbraut við Háholt.
 - f. Á Brekkubraut við Háholt.
 - g. Á Laugarbraut við Akurgerði.
 - h. Á Heiðarbraut við Akurgerði.

Umferðarmerki verða sett upp á viðkomandi stöðum.

Lögreglustjórnin á Akranesi, 2. júní 1970.

Jónas Thoroddsen.

11. júní 1970.

Nr. 126.

AUGLÝSING

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

- I. Milli lína, sem hugsast dregnar réttvísandi um Bjarnarey sunnan Vopnafjarðar og réttvísandi norðaustur frá Kögri sunnan Héraðsflóa.
- II. Milli línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan Fáskrúðsfjarðar. Þó skulu veiðar óheimilar innan línu, sem hugsast

dregin úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) fyrir mynni Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar í Dalatanga og þaðan fyrir mynni Mjóafjarðar í Flesjatanga og fyrir mynni Norðfjarðarflóa í Barðsneshorn. Einnig eru veiðar óheimilar í Reyðarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Krossanestanga norðan fjarðarins í Vattarnestanga sunnan fjarðarins. Þá eru dragnótaveiðar og óheimilar í Fáskrúðsfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Hafnarnesi að norðan í Hafnarnesvíta að sunnan.

III. Frá línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Streitishvarfi sunnan Breiðdalsvíkur suður og vestur um að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestur frá Reykjanesvíta, og frá línu er hugsast dregin réttvísandi vestur frá Malarrífi á Snæfellsnesi að línu er hugsast dregin réttvísandi norður úr Hornbjargi.

Vegna ónógrar þáttöku í skoðanakönnun um dragnótaveiðar í Faxaflóa, er ákvörðun um þær veiðar frestað fyrst um sinn, þar til að lokinni nýrri könnun.

Á Vestfjörðum er dragnótaveiði óheimil innfjarða innan lína, sem hugsast dregnar sem hér segir:

1. Úr Ólafsvita um Tálkna, þvert fyrir Patreksfjörð og Tálknafjörð.
2. Milli Svarthamra að sunnan og Tjaldaness að norðan í Arnarfirði.
3. Milli Keldudals að sunnan og Arnarness að norðan í Dýrafirði.
4. Milli Mosdals að sunnan og Arnarness að norðan í Öundurafirði.
5. Milli Keravíkur að sunnan og Galtabæjar að norðan í Súgandafirði.
6. Milli Galtarvíta að vestan og Straumnesvíta að austan. Bátum innan lögmætra stærðarmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á framangreindum svæðum, verður veitt leyfi til að veiða hvar sem er á svæðunum.

Enn fremur hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að bátum innan lögmætra stærðatakmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Norðurlandi, verði veitt leyfi til dragnótaveiða á svæði frá línu, sem hugsast dregin réttvísandi norður úr Hornbjargi austur um að línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðaustur úr Font á Langanesi.

Þó skulu veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Innan línu, sem hugsast dregin utan Ingólfsfjarðar og Ófeigsfjarðar frá Veturmyrarnesi í Selsker og þaðan í Drangatanga.
2. Innanverðum Hrutafirði innan línu, sem hugsast dregin frá Prestbakkaey, þvert yfir fjörðinn að Mýrarnesi.
3. Innanverðum Miðfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Stapa utan Hvammsstanga í vestur þvert yfir fjörðinn.
4. Í Skagafirði innan línu, er hugsast dregin úr Hegranestá í Fagranes á Reykjaströnd.
5. Í Skagafirði innan línu, sem hugsast dregin frá Hellnanesi á Þórðarhöfða í Kringlu í Málmey og úr norðurenda Málmeyjar í Stapa á Hrollaugshöfða.
6. Í Haganesvík innan línu, sem hugsast dregin úr Músarnesi vestan Haganesvíkur fyrir vikina í Olnboga austan Haganesvíkur.
7. Í Siglufirði innan línu, sem hugsast dregin frá Landsenda vestan Siglufjarðar fyrir fjörðinn í Siglunesvíta.
8. Í Eyjafirði innan línu, sem hugsast dregin frá nyrzta odda Hálshöfða vestan fjarðarins þvert yfir um syðsta odda Hríseyjar, beina stefnu yfir í Svinárnes.
9. Í Eyjafirði innan lína, sem hugsast dregnar 1 sjómílu réttvísandi austur úr Fossdalsvíta í línu, er hugsast dregin 1 sjómílu réttvísandi austur úr Múlatöng.
10. Á 3ja mílna belti kringum Grímsey miðað við strandlengju eyjarinnar.
11. Á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst innan línu, sem dregin er úr Brikurskeri við vestanverðan Skjálfaflóa um Lundey í Héðinshöfða, við austanverðan fló-

- ann. Á tímabilinu 16. ágúst til 31. október eru dragnótaveiðar óheimilar á innanverðum Skjálfandaflóa innan línu, sem dregin er úr innra horni Skálavíkur við vestanverðan flóann um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann.
12. Á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst n.k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Gerðibrekkuhaus að vestan í Grímshafnartanga að austan.
13. Á tímabilinu 1. september til 31. október n.k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr ós Naustár að sunnan í Grímshafnartanga að norðan.
14. Í Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Leirhafnartanga að sunnan í Grjótnes að norðan.
15. Á svæði innan línu, sem hugsast dregin frá Ásmundarstaðarey norðan Raufarhafnar í Melrakknes.
16. Í Þistilfirði á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst innan línu er hugsast dregin úr Grenjanesi í Rauðanestá og á tímabilinu 16. ágúst til 31. október innan línu er hugsast dregin úr Hleinartanga í Laxártanga vestan fjarðarins.

Bátum, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á hinum leyfðu veiðisvæðum fyrir Norðurlandi, verður einum veitt leyfi til að veiða á þeim svæðum, en hins vegar verða þeim ekki leyfðar dragnótaveiðar annars staðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, taka heimildir þær, sem veittar eru í þeim lögum til veiða með botnvörpu og flotvörpu, og til dragnótaveiða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1970.

Emil Jónsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970.

Að lokinni nýrri skoðanakönnun Fiskifélags Íslands um dragnótaveiðar í Faxaflóa og í samræmi við ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að bátum innan lögmæltra stærðarmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Suður- og Vesturlandi, og leyfi fá til dragnótaveiða, skuli heimilar dragnótaveiðar til 31. október næstkomandi á eftirgreindu svæði til viðbótar þegar auglýstum veiðisvæðum samkvæmt auglýsingu frá 11. júní s.l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970:

Á svæði frá línu réttvísandi vestur frá Reykjanesvita að línu réttvísandi vestur frá Malarrífi á Snæfellsnesi. Þó skulu dragnótaveiðar óheimilar á svæði innan línu, sem hugsast dregin milli punkta tvær sjómíllur réttvísandi í vestur frá Reykjanestá (Önglabrjótisnefi) og tvær sjómíllur réttvísandi vestur frá Stafnestá. Svæðið takmarkast að sunnan af línu réttvísandi í vestur frá Reykjanestá (Önglabrjótisnefi)